



# Sunnuhlíð

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Kópavogsbraut 10 • 200 Kópavogur  
Sími: 560 4110 • Fax: 560 4175

Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Formaður

Kópavogi, 11. apríl 2005

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 131/1255*

*komudagur 12.4.2005*

## Bréf vegna þingsályktunartillögu um rannsóknir á þunglyndi aldraðra.

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð fagnar því að lögð sé fram þingsályktunartillaga um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara. Þunglyndi er mjög erfiður sjúkdómur á öllum aldri en á efri árum er oft mjög erfitt að greina þunglyndi frá öðrum sjúkdómum sem algengir eru meðal aldraðs fólks. Mjög brýnt er að komið verði upp sérþekkingu hér á þessu sviði. Þunglyndi er algengara hjá þeim sem eru með líkamlega sjúkdóma og því er sjúkdómurinn mjög algengur á hjúkrunarheimilum.

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð hefur eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

1. Í greinargerðinni kemur fram að þunglyndi hjá öldruðum geti hugsanlega verið ógreint eða vangreint. Þetta kann að vera rétt en fullt eins líklegt er að það sé ekki höfuðvandamálið heldur hitt að það sé ofgreint eða ranglega greint. Aukin notkun þunglyndislyfja hjá öldruðum á undanförunum árum gefur grun um þetta. Þetta sjónarmið er mjög mikilvægt þar sem ofgreining þunglyndis leiðir til of mikillar lyfjanotkunar með tilheyrandi óþægindum í formi aukaverkana fyrir sjúklingana og ennfremur með auknum kostnaði fyrir hið opinbera. Rannsókn á þessu er mjög brýnt verkefni.
2. Það er rangt sem stendur í greinargerðinni að þunglyndi hafi ekki verið rannsakað hér á Íslandi. Þunglyndi hefur mjög vandlega verið rannsakað hér á Íslandi sem og í öðrum löndum og fylgir hér með listi yfir nokkrar greinar sem skrifaðar hafa verið um þessar rannsóknir í innlendum og erlendum timaritum. Tíðni og umfang þunglyndis hjá öldruðum er vel þekkt. Á Íslandi eru u.þ.b. 9% aldraðra yfir 75 ára með þunglyndi á hverjum tíma. Svipaðar niðurstöður hafa fengist í fjölmörgum öðrum löndum. Sjálfsvíg er einnig nákvæmlega skráð og skv. opinberum gögnum er tíðni sjálfsvíga hjá öldruðum svipuð hér á landi og annarsstaðar eða milli 5 og 15 per 100 þús. per ár. Allsstaðar er tíðnin hærri meðal karla. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að erfitt er að bera tíðni sjálfsvíga milli landa saman þar sem um mismunandi skráningaraðferðir getur verið að ræða og ennfremur er talið að opinberar tölur séu venjulega lágmarkstölur þar sem ekki er nein trygging fyrir því að tiltekið dauðsfall hafi verið skráð sem sjálfsvíg þó svo hafi verið raunin. Mjög erfitt og tímafrekt væri að rannsaka þetta en vissulega verðugt verkefni. Niðurstaðan er því sú að ekki sé brýn þörf á að rannsaka umfang þunglyndis hér á landi þar sem það er nokkuð vel þekkt og er svipað og hjá öðrum þjóðum.
3. Mikilvægasta atriðið í þingsályktunartillögunni að mati Sunnuhlíðar er að koma fram með tillögur um úrræði fyrir aldrað fólk með þunglyndi. Í greinargerðinni er réttilega tekið fram að engin stofnun innan heilbrigðisgeirans

fæst á skipulegan hátt við þunglyndi eldri borgara og því ekki til nein sérþekking á einum stað um þennan sjúkdóm. Með því að koma slíkri þjónustu á stofn er líklegt að hægt sé að gera bæði greiningu og meðferð mun skilvirkari en nú er. Ofgreining og vangreining yrði væntanlega fátíðari þar sem almennum læknum gæfist kostur á að vísa vafatílfellum til sérstakrar greiningar og meðhöndlunar.

4. Níu manna nefnd er að mati Sunnuhlíðar allt of stór og þung í vöfum. Þriggja manna nefnd væri mun líklegri til að skila markvissum tillögum.

f.h. Samneklida  
Hallgrím Halgrímsson latur

**Nokkar greinar sem skrifaðar hafa verið um rannsóknir á þunglyndi á Íslandi á undanförunum árum:**

1. Magnússon H, Helgason, T. Epidemiology of mental disorders in the aged in Iceland. In Magnussen G, Nilsen J, Buch J, eds: Epidemiology and prevention of mental illness in old age, 29-34: 1979. Nordisk samråd for eldreaktivitet.
2. Magnússon, H, Geðsjúkdómar eldra fólks, algengi, gangur og tíðni innlagna. Læknablaðið fylgirit nr. 17, 55-58; 1983.
3. Magnússon H. The sociodemographic risk factors of depression in octogenarians. In Cooper B, Helgason T, eds. Epidemiology and the prevention of mental health. 157-169; 1989, Reutledge, London and New York.
4. Helgason T, Magnússon H. The first 80 years of life. Acta Psychiatrica Scandinavica suppl 348:85-94:1989.
5. Magnússon H. Mental health of octogenarians in Iceland. An epidemiological study. Acta Psychiatrica Scandinavica suppl 349;1989.
6. Magnússon H, Helgason T. Epidemiological study of dementia in Iceland. In Stefanis C N et al. eds. Psychiatry, a World Perspective-Volume 4, 1990.
7. Magnússon H. Er þunglyndi algengt meðal aldraðra? Heilbrigðismál 44. árg. 3. tbl. 28-29 1996.
8. Magnússon H. Faraldsfræði þunglyndis á Íslandi. Öldrun 14(2):s. 11-15 1996.
9. Copeland J M R, Beekman A T F, Dewey M E, Hooijer C, Jordan A, Lawlor B A, Lobo A, Magnússon H, Mann A H, Meller I, Prince M J, Reischies F, Turrina C, deVires M W, Wilson K C M. Depression in Europe. Geographical distribution among older people. British Journal of Psychiatry 174;312-321 1999
10. Copeland J M R, Beekman A T F, Dewey M E, Jordan A, Lawlor B A, Linden M, Lobo A, Magnússon H, Mann A H, Fichter M, Prince M J, Saz P, Turrina C, Wilson K C M. Cross cultural comparison of depressive symptoms in Europe does not support stereotypes of ageing. British Journal of Psychiatry 174;322-329 1999.
11. Prince M J, Reischies F, Beekman A T F , Fuhrer R, Jonker C, Kevelä S-L, Lawlor B A, Lobo A, Magnússon H, Fichter M, Oyen H van, Roelands M, Skoog I, Turrina C, Copeland J M R. Development of the EURO-D scale-a European Union initiative to compare symptoms of depression in 14 European centers. British Journal of Psychiatry 174:330-338 1999.
12. Prince M J, Beekman A T F, Deeg D J H, Fuhrer R, Kivelä S-L, Lawlor B A, Lobo A, Magnússon H, Meller I, Oyen H van, Reischies F, Roelands M, Skoog I, Turrina C, Copeland J M R. Depression symptoms in late life assessed using the EURO-D scale. Effect of age, gender and marital status in 14 European centers. British Journal of Psychiatry 174: 339-345 1999.
13. Braam A W, Eeden P van den, Prince M J, Beekman A T F, Kivelä, Lawlor B A, Birkhofer A, Fuhrer R, Lobo A, Magnússon H, Mann A H, Meller I, Roelands M, Skoog I, Turrina C, Copeland J M R. Religion as a cross-cultural determinant of depression in elderly Europeans; results from the EURODEP collaboration. Psychological Medicine 31:803-814 2001.
14. Arjan W. Braam, Philippe Delespaul, Aartjan T. F. Beekman, Dorly J. H. Deeg, Karine Pérès, Michael Dewey, Sirkka-Liisa Kivelä, Brian A. Lawlor, Hallgrímur Magnússon, Ingeborg Meller, Martin J. Prince, Friedel M. Reischies, Marc Roelands, Pedro Saz, Robert A. Schoevers, Ingmar Skoog, Cesare Turrina, Ann

Versporten, John R. M. Copeland. National context of healthcare, economy and religion, and the association between disability and depressive symptoms in older Europeans: results from the EURODEP concerted action. *Eur J Ageing* (2004) 1: 26-36.